LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

[redacted]

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/888
komudagur 20.2.2009

Eiríkur Áki Eggertsson
Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2009

Fjallað hefur verið um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 279. mál, tímabundin útgreiðsla séreignasparnaðar. Félagar í LEB eru allir 60 ára og eldri og þar af leiðandi hafa þessar breytingar ekki áhrif á þann hóp. Þó er bent á að útgreiðsla séreignasparnaðar fyrir þá sem yngri eru getur verið vafasamur ávinningur þegar til framtíðar er litið. Fullur skilningur er á að stjórnvöld leiti sem flestra leiða til að bregðast við þeirri stöðu sem flest heimili í landinu eru í vegna þröngrar efnahagsstöðu í kjölfar bankahruns og eflaust getur þessi breyting aðstoðað fólk í sumum tilvikum.

F. h. Landssambands eldri borgara

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LEB